



Reykjavík, 23. nóvember 2018

SÝN – Sýknudómar í skaðabótamálum

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í dag á kröfu Sýnar á hendur Símanum til greiðslu skaðabóta vegna brota Símans á samkeppnislögum um langt árabíl, sem og gagnkröfu Símans á hendur Sýn.

Með ákvörðun nr. 7/2012 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Síminn hf. hefði misnotað gróflega markaðsráðandi stöðu sína og brotið gegn 11.gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 54. gr. EES-samningsins. Brot Símans hf. fólust m.a. í því að hafa beitt samkeppnisaðila sína ólögmetum verðþrýstingi um langt árabíl. Sýn höfðaði skaðabótamálið í nóvember 2013 sbr. tilkynningu til Kauphallar 1. nóvember 2013. Í kjölfarið gaf Síminn út gagnstefnu á hendur Sýn til greiðslu skaðabóta á þeim grunni að Sýn hefði sýnt af sér sömu háttsemi. Héraðsdómur sýknaði báða aðila af kröfunum. Líklegt má telja að Sýn muni áfrýja dómnum til Landsréttar.

Frekari upplýsingar veitir:

- ✓ Bára Mjöll Þórðardóttir í netfangið barath@syn.is eða síma 6699299